

# Aukin þátttaka barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð

Þróunarverkefni í leikskólanum Hæðarbóli

veturinn 2015 – 2016



Höfundur: Hjördís Braga Sigurðardóttir

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Inngangur .....                          | 2  |
| Markmið verkefnisins.....                | 2  |
| Réttindi barna.....                      | 2  |
| Lög og reglur .....                      | 2  |
| Lýðræðisleg vinnubrögð .....             | 3  |
| Barnið í lýðræðissamfélagi .....         | 3  |
| Geta barna .....                         | 3  |
| Hlutverk foreldra .....                  | 4  |
| Valdaójafnvægi .....                     | 4  |
| Virk hlustun.....                        | 5  |
| Aðferð, undirbúningur og framkvæmd ..... | 5  |
| Starfsáætlun verkefnisins .....          | 6  |
| Mat á framgangi verkefnisins .....       | 7  |
| Samantekt og umræður .....               | 12 |
| Lokaorð.....                             | 15 |
| Heimildir: .....                         | 16 |
| Fylgiskjal 1 .....                       | 18 |
| Fylgiskjal 2 .....                       | 19 |

## Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um þróunarverkefni sem fór fram í leikskólanum Hæðarbóli veturinn 2015-2016. Verkefnið ber heitið *Aukin þátttaka barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð*. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Lög um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 12/2013) eiga börn rétt á að hafa áhrif á nám sitt og umhverfi í samræmi við aldur og þroska. Ef hlustað er á börn og þau fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast eru þau fær um að hafa áhrif á líf sitt og nám. Með því að skapa lýðræðislega kennsluhætti sem börnin taka þátt í að móta búum við til lýðræðissamfélag þar sem virðing og réttlæti einkenna samskipti. Með því öðlast börnin skilning á því hvað lýðræði felur í sér sem er svo mikilvægt því þeirra bíður að taka þátt í slíku samfélagi. Í skýrslunni er farið yfir réttindi barna og getu, valdaójafnvægi, hlutverk foreldra og þær leiðir sem farnar voru í leikskólanum Hæðarbóli til þess að skapa lýðræðislega kennsluhætti.

## Markmið verkefnisins

Markmiðið með þróunarverkefninu *Aukin þátttaka barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð* var að auka þátttöku barna með markvissum hætti í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð í leikskólanum. Börn hafa rétt á að hafa áhrif á nám sitt og umhverfi í samræmi við aldur og þroska samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Lög um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 12/2013). Leitað var leiða til þess að uppfylla réttindi barnanna og leitast við að veita þeim tækifæri til þess að láta rödd sína heyrast og hafa áhrif á nám sitt og umhverfi.

## Réttindi barna

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) sem gefin var út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu ber að líta á börn sem virka einstaklinga sem eiga að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á nám sitt og umhverfi. Þau eiga að fá tækifæri til að skiptast á skoðunum, finna lausnir og hafa áhrif á leikskólastarfið.

## Lög og reglur

Barnasáttmálinn er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og var svo loks lögfestur 20. febrúar 2013, sem þýðir að ákvæði hans

hafa bein réttaráhrif. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram fullorðna. Í honum felst viðurkenning á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sín eigin réttindi sem eru alveg óháð réttindum fullorðinna. Öllum sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. 12. grein samningsins kveður á um að börn eigi rétt á að segja sína skoðun, hlustað sé á þau og þau hafi áhrif á nám sitt og umhverfi í samræmi við aldur og þroska (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 2013).

### **Lýðræðisleg vinnubrögð**

Lýðræði og mannréttindi eru einn af sex sameiginlegum grunnþáttum menntunar í aðalnámskrám allra skólastiga. Lögð er áhersla á að börn læri um lýðræðissamfélög með því að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif á nám sitt og umhverfi. Lýðræðislegt leikskólastarf byggir á að börn finni að þau eru hluti af samfélagi þar sem virðing og réttlæti einkenna samskipti. Með því öðlast börnin skilning á því hvað lýðræði felur í sér. Virða skal skoðanir barna, hlusta á þau og veita þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Með því að auka þátttöku barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð þjálfast þau í að hafa áhrif og öðlast getu til að leggja stund á lýðræðislega siði og venjur í skólastarfi (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013).

### **Barnið í lýðræðissamfélagi**

Börn eru getumiklir einstaklingar og hafa margt að segja ef þeim er veitt tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Góð samvinna milli leikskólans og fjölskyldur barnanna eykur líkurnar á því að barninu vegni vel á skólagöngunni.

### **Geta barna**

Rannsóknir síðari tíma leggja áherslu á styrkleika barna og hæfni þeirra. Áhersla er lögð á að nálgast sjónarmið barna og fá aukna innsýn í hugarheim þeirra og lífsreynslu (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009). Börn eru getumiklir einstaklingar og hafa margt að segja ef þau fá tækifæri og hlustað er á þau. Þau eru fær um að taka þátt í að móta líf sitt og hafa áhrif á eigið nám (Clark og Moss, 2001; Guðrún Kristinsdóttir, 2014). Þegar hlustað er eftir sjónarmiðum barna getur það leitt til breytinga á daglegu lífi þeirra t.d. að fá að velja hvenær þau fara út, hvar þau sitja í matartímum eða minniháttar skipulagsbreytingar á daglegum venjum eða jafnvel breytingar á dagskipulagi. Áhrifin geta verið aukið sjálfsálit, sterkari sjálfsmynd og aukin hæfni

í mannlegum samskiptum. Viðhorf starfsfólks getur breyst og leitt til lýðræðislegri vinnubragða (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008, Clark og Moss, 2001). Fullorðnir ættu að leitast við að hlusta á börn og fá fram sjónarmið þeirra til þess að þróa kennsluhætti sem henta ungum börnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008, 2012).

## **Hlutverk foreldra**

Foreldrar eru fyrstu kennarar barnsins og hafa þekkingu um barnið sem engir aðrir hafa. Mikilvægt er að efla foreldrasamstarf vegna þess að börnin öðlast sjálfsöryggi og eflast í námi ef þau finna fyrir áhuga og þátttöku foreldra (Fullan, 2007; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Fjölskyldan og skólinn vinna saman að því sem barninu er fyrir bestu. Með góðu samstarfi milli skóla og foreldra er verið að leggja drög að tengslum sem miða að því að auka alhliða þroska og vellíðan nemenda og vinna að gagnkvæmum skilningi milli heimilis og skóla þar sem líðan nemandans skiptir mestu máli. Með því að efla samstarf við foreldra aukast líkurnar á að barninu vegni vel á skólagöngunni. Jákvæð viðhorf foreldra til skólans og stuðningur við nám heima fyrir hefur áhrif á líðan og námsárangur barnanna. Þegar efla á foreldrasamstarf þarf að fræða foreldra um hvernig þeir geta stutt barnið sitt í námi og veita þeim tækifæri til þess að taka þátt í leikskólastarfinu (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) eins og t.d. að koma með bækur eða annan efnivið í leikskólann.

## **Valdaójafnvægi**

Mikilvægt er að skoða samband milli barna og fullorðinna til að skilja hvaða áhrif fullorðnir hafa á hvaða sjónarmið barna heyrast, hvaða áhrif þau hafa og hvað þau mega tala um (Mannion, 2007). Við slíka skoðun gætu breytingar orðið í samskiptum hinna fullorðnu og barna (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009). Vissulega eru skiptar skoðanir á því hvar línan er á milli þess að börn þarfnist sérstakrar verndar fullorðinna og að þau séu virkir gerendur og hafi möguleika á að hafa áhrif á sitt eigið líf (Guðrún Kristinsdóttir, 2014). Í ljósi þess að börn eiga rétt á að segja skoðanir sínar og hafa áhrif á málefni er þau varða í samræmi við aldur og þroska (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 12/2013) ber hinum fullorðnu að leita leiða til þess að fá fram sjónarmið barna og þróa kennsluhætti í samvinnu við börnin sem allir eru ánægðir með (Jóhanna Einarsdóttir, 2008, 2012). Það er ekki nóg að hlusta á börn, það þarf líka að gefa skoðunum þeirra áhrifamátt þannig að þau hafi raunverulegt vald til þess að hafa áhrif á sitt daglega líf (Anna Magnea

Hreinsdóttir, 2012). Vissulega verður að hafa aldur barnanna í huga en rannsóknir styðja það að ung börn geti haft heilmikið um málin að segja ef þau fá tækifæri til þess og hlustað er á þau (Jóhanna Einarsdóttir, 2008, 2012). Börn eru einnig fær um að taka þátt í að móta líf sitt og hafa áhrif á eigið nám ef þau upplifa að á þau sé hlustað (Guðrún Kristinsdóttir, 2014).

### **Virk hlustun**

Virk hlustun er forsenda þess að hægt sé að taka tillit til skoðana barna og fullorðinna innan skólasamfélagsins. Hún felst í því að hlusta á það sem börn, starfsfólk og foreldrar segja, fjölbreyttum tjáningarmáta, umræðu og túlkun. Virk hlustun er á ábyrgð hinna fullorðnu þar sem áhersla er lögð á lýðræðislega samræðu og börnunum veitt tækifæri til þess að segja sína skoðun á daglegu lífi og skólagöngu. Með virkri hlustun eykst ábyrgðartilfinning og samábyrgð sem er grunnurinn í lýðræðislegu skólastarfi (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2013).

### **Aðferð, undirbúningur og framkvæmd**

Leikskólinn Hæðarból er 3ja deilda leikskóli með 58 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. 20 börn, 5 og 6 ára eru á elstu deildinni Birkiseli, 21 barn á Furuseli á aldrinum 3-4 ára og 17 börn eru á Víðiseli á aldrinum 18 mánaða til 3 ára. Starfsmenn leikskólans eru að jafnaði 19 í 17 stöðugildum. Allir starfsmenn og börn leikskólans tóku þátt í þróunarverkefninu. Þróunarverkefnið fólst í því að auka með markvissum hætti þátttöku barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð til þess að virða rétt þeirra til þess að hafa áhrif á nám sitt og umhverfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011; Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 12/2013).

Í maí 2015 var stutt kynning á fyrirhuguðu verkefni fyrir starfsfólkið. Kynningarfundur var haldinn í byrjun september 2015 fyrir foreldra barna í leikskólanum þar sem þróunarverkefnið var kynnt af leikskólastjóra. Á starfsdegi starfsmanna, 11. september 2015 var verkefnið kynnt, farið yfir verkþætti og sett formlega í gang. Sköpuðust fínar umræður í kjölfar kynningarinnar um markmið og tilgang þess að fara af stað með slíkt verkefni auk þess sem fjöldi hugmynda leit dagsins ljós. Á starfsmannafundi þann 1. október 2015 kom Kristín Dýrfjörð lektor við háskólann á Akureyri og var með fyrirlestur um lykilþætti lýðræðislegs uppeldis.

Verkefnastjóri fundaði reglulega með leikskólakennurum og starfsfólki á deildum þar sem farið var yfir framvindu verkefnisins, helstu hindranir og næstu skref. Leikskólastjóri sat tvo fundi með hverri deild.

Í lok verkefnisins (maí 2016) ræddi verkefnastjóri við starfsfólk leikskólans varðandi framvindu verkefnisins, hvernig hefði gengið, hvað mætti betur fara og hvað verkefnið hefði skilið eftir sig. Einnig var rætt við rýnihóp barna á leikskólanum, dreng og stúlku af hverri deild, 3ja, 4ra og 5 ára og þau spurð að því hverju þau fá að ráða í leikskólanum og hvernig þau myndu vilja hafa leikskólann sinn.

Þróunarverkefnið var kynnt á Stóra leikskóladeginum í Reykjavík 27. maí 2016.

### **Starfsáætlun verkefnisins**

Þróunarverkefnið *Aukin þátttaka barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð* hófst í september 2015. Á kynningarfundum verkefnisins í september 2015 sköpuðust líflegar umræður og fjöldi hugmynda litu dagsins ljós. Verkefnastjóri fundaði með leikskólakennurum og öðru starfsfólki í september þar sem eftirfarandi viðfangsefni voru ákveðin:

- Deildarsáttmáli: Börn og starfsfólk geri deildarsáttmála um hvernig samskiptin á deildinni eiga að vera.
- Óskalisti: Börnin setja hvert og eitt fram ósk sem verður uppfyllt þegar tækifæri gefst yfir veturinn.
- Söngur á sal: Börnin velja sér lag sem þau kynna.
- Frjáls leikur:
  - Börnin velja viðfangsefni og efnivið.
  - Rauða valið: Rauðir hringir með nafni á viðfangsefni t.d. Legó eða Pley mó. Hringir lagðir niður þannig að nafnið á viðfangsefni snúi niður. Börnin draga. Notað á Birkiseli og Furuseli einu sinni á dag í ca. 50 mínútur á móti Gula vali.
  - Gula valið: Gulir hringir með nafni á námsstöðvum; stærðfræðistöð, stafastöð, listastöð, leiklistarstöð og spilastöð. Börnin draga hring og fara á þá stöð sem stendur á miðanum með þeim börnum sem hafa dregið sams konar stöð. Notað á Birkiseli einu sinni á dag í ca. 50 mínútur á móti Rauða vali.

- Myndrænt val: Myndir af viðfangsefni t.d. Legó eða Pleymó. Barnið setur mynd af sér við það viðfangsefni sem það vill taka sér fyrir hendur. Notað á Víðiseli einu sinni á dag í ca. 40 mínútur.
- Samverustund:
  - Hvert og eitt barn segir frá einhverju sem því liggur á hjarta t.d. hvað þau voru að gera um helgina.
  - Hvert og eitt barn sér um samverustund og kemur með viðfangsefni að heiman sem það hefur valið með foreldrum sínum.
- Kosningar: Þjálfar börnin í að kjósa og gæta þess um leið að þau sjái og finni að á þau sé hlustað og að atkvæði þeirra hafi vægi. Kjósa um:
  - Útiveru/inniveru.
  - Hvað er í matinn.
  - Velja sæti í matartímum.
- Samráðsfundur: Einu sinni í viku með tveimur elstu árgöngunum þar sem börnin geta komið með tillögu að breytingum eða hvað megi betur fara í leikskólanum. Fylgja eftir því sem þau hafa til málanna að leggja svo þau finni að á þau sé hlustað.

## Mat á framgangi verkefnisins

Deildarsáttmáli var útbúinn á öllum deildum. Á Birkiseli ræddu börnin saman um þær reglur sem þau vildu hafa á deildinni. Hvert barn kom með sína reglu og sumir nefndu það sama. Heimspekilegar samræður urðu til við þessa vinnu þar sem rætt var t.d. um hvort það að meiða og vera vondur væri það sama. Niðurstaðan varð sú að ef einhver segir eitthvað ljótt við einhvern þá er það ekki að meiða heldur að vera vondur. Að vera vondur er bæði að meiða og segja eitthvað ljótt. Börnin skrifuðu reglurnar niður á blað og eru þær eftirfarandi:

1. Við hlustum – bleika reglan.
2. Réttu upp hönd – bláa reglan.
3. Ekki meiða – gula reglan.
4. Hendur og fætur hjá sér – græna reglan.





Á Furuseli var rætt við börnin og komu þau sér saman um eftirfarandi reglur:

1. Vera sátt.
2. Vera góðir vinir.
3. Leika saman.
4. Skiptast á.



Á Víðiseli þar sem yngstu börnin eru var hugtakaskilningur lítill og var byrjað á að setja regluna:

1. Við erum góð.

Börnin skildu regluna vel og var hún notuð óspart meðan þau voru að kynnst og mynda tengsl.

Með auknum þroska og skilningi var bætt við reglum eftir áramót:

2. Má ekki bíta.
3. Við erum vinir.
4. Má ekki lemja.



Á öllum deildum var sáttmálinn notaður til þess að minna börn og starfsfólk á hvernig samskiptin á deildunum eiga að vera.

Að hausti setti hvert og eitt barn á Birkiseli og Furuseli fram ósk sem var uppfyllt þegar tækifæri gafst yfir veturinn. Óskirnar voru hafðar sýnilegar uppi á vegg á deildunum til þess að hægt væri að skoða þær og ræða. Á Víðiseli höfðu börnin ekki skilning á hugtakinu að óska sér fyrr en eftir áramót. Í mars þegar yngsta barnið á deildinni var orðið 2ja ára völdu börnin sér óskastein og máluðu. Þau héldu á honum í hendinni og óskuðu sér og voru óskirnar hafðar sýnilegar uppi á vegg á deildinni. Þær voru ræddar og barnið var með óskasteininum í hendinni þegar óskirnar rættist.



Víðisel (yngsta deild)



Furusel (miðdeild)



Birkisel (elsta deild)



Óskaði sér þess að vera  
ruslamaður og týna rusl



Óskaði sér að leika sér á  
elstu deildinni



Óskaði sér að fara til útlanda  
og finna fjársjóð eftir korti

Söngur í sal er alltaf á föstudögum þar sem allir koma saman og syngja. Deildirnar skiptast á að stjórna söngstundinni. Börnin á Furuseli og Birkiseli velja sér lag og kynna lagið sitt sjálf. Á Víðiseli er ákveðið í samráði við börnin hvaða lög skuli sungin, en börnin kynna lögin.



Börnin eru ekki há í loftinu þegar þau  
standa í púlti og kynna lögin í salnum

Í frjálsum leik er annars vegar alfarið valið um viðfangsefni og efnivið með því að velja það sem hugurinn girnist og hins vegar notast við val. Valið er notað á öllum deildum einu sinni á dag og skiptist í:

- Rauða valið: Rauðir hringir með nafni á viðfangsefni t.d. Legó eða Pley mó. Hringir jafnmargir börnunum eru lagðir niður þannig að nafnið á viðfangsefninu snúi niður. Börnin draga hring og leika með það viðfangsefni sem stendur á miðanum og við þau börn sem eru með eins miða. Notað á Birkiseli og Furuseli einu sinni á dag í ca. 50 mínútur. Umræða varð á Furuseli (miðdeild) hvort að þetta væri raunverulegt val, þar sem börnin draga miða. Markmiðið með þessu vali er að börnin kynnist ólíkum viðfangsefnum og leiki við alla. Í lýðræðissamfélagi fær maður ekki alltaf það sem að maður vill og verður að vinna úr því sem maður fær í sátt og samlyndi við aðra.
- Gula valið: Gulir hringir með nafni á námsstöðvum; stærðfræðistöð þar sem notast er við Numikon kubba, stafastöð, listastöð þar sem fjölbreyttur efniviður er í boði, leiklistarstöð þar sem hugmyndaflugið fær að njóta sín og spilastöð. Börnin draga hring og fara á þá stöð sem stendur á miðanum með þeim börnum sem hafa dregið

sams konar stöð. Notað á Birkiseli einu sinni á dag í ca. 50 mínútur. Markmiðið er að auka fjölbreytni og tengja saman nám og leik. Börnin fá ekki alltaf það sem þau kjósa helst en það er partur af því að vera í lýðræðissamfélagi.

- Myndrænt val: Myndir af viðfangsefni t.d. af Legó eða Pleymó. Barnið setur mynd af sér við það viðfangsefni sem það vill taka sér fyrir hendur. Takmarkaður fjöldi í hvert viðfangsefni. Notað á Víðiseli einu sinni á dag í ca. 40 mínútur. Markmiðið að börnin læri að velja sjálf og átti sig á því hvað það er að velja. Þau fá ekki alltaf það sem þau vilja en það er partur af lýðræðinu, stundum getur maður ekki fengið það sem maður vill.



Myndrænt val



Gula valið



Rauða valið

Á elstu deildinni (Birkiseli) komu börnin með tillögu um að hafa til skiptis Rauða val og Gula val og seinna að blanda saman Rauða vali og Gula vali. Þarna skapaðist skemmtileg umræða og rökræður og börnin fengu að hafa áhrif á nám sitt.

Börnin á öllum deildum sáu um samverustund. Eitt barn sá um samverustund í einu og kom með viðfangsefni og efnivið að heiman sem það valdi með foreldrum sínum. Markmiðið að barnið þjálfist í að koma fram og tala fyrir framan aðra, upplifi að á það sé hlustað og geti haft áhrif á nám sitt og umhverfi. Einnig að foreldrar fái tækifæri til að koma að námi barna sinna. Á Furuseli og Birkiseli var lagt upp úr því að leyfa börnunum að standa upp og segja frá í samveru t.d. frá því hvað þau voru að gera um helgina. Á Víðiseli voru börnin hvött eftir aldri og þroska að segja frá einhverju sem þeim lá á hjarta.



Kom með Litlu lirlfuna að heiman, teppi og bók og sýndi börnunum




Kom með æfingar til að kenna börnunum að heiman



Valdi að stjórna Bingó í samverustund

Með kosningu fá börnin að sjá svart á hvítu að þau hafa eitthvað um málin að segja. Börnin læra smám saman að þau geti haft áhrif en geti ekki alltaf fengið það sem þau vilja. Byrjað var á því að kjósa myndrænt og á elstu deild var farið út í að kjósa leynilega þar sem börnin settu atkvæði sitt í kassa sem talið var upp úr. Deildirnar fengu að velja í matinn nokkrum sinnum yfir veturinn. Börnin kusu myndrænt á Birkiseli og Víðiseli en á Furuseli var skráð á töflu og talið saman. Á Birkiseli og Furuseli kusu börnin myndrænt um inniveru og útiveru einu sinni í viku af og til yfir veturinn. Á Víðiseli fengu börnin að velja um inniveru og útiveru þegar farið var að vora og þroskinn orðinn meiri (öll orðin 2 ára). Þar gekk valið mjög vel og börnin fundu virkilega til sín að fá að velja og hafa áhrif. Á tveimur elstu deildunum fengu börnin að velja sér sæti í matartímum vegna þess að það skipti þau máli. Á miðdeildinni komst starfsfólkið að því að börnin væru of ung til að velja sér sæti vegna þess að það skapaði óróleika og óöryggi. Á elstu deildinni varð klíkumyndun og spenna til þess að farið var aftur í fyrra horf að eiga fast sæti. Markmiðið með kosningu er að börnin læri um lýðræði í lýðræði. Með leynilegri kosningu læra þau að treysta á eigin ákvarðanir og dómgreind án þess að verða fyrir áhrifum af öðrum. Á elstu deildinni kusu börnin um hvaða val ætti að nota í leiktíma þ.e. Rauða val og Gula val. Ríkt er í börnum að búa til reglu og komu þau í framhaldi með tillögu um að hafa til skiptis Rauða val og Gula val og seinna að blanda saman Rauða vali og Gula vali. Við þessa hugmyndavinnu skapaðist skemmtileg umræða og rökræður þar sem börnin komu með sínar skoðanir og tillögur að breyttu skipulagi á valinu.



Velja í matinn



Atkvæði talin



Velja um útiveru og inniveru



Óskasteinar



Leynileg kosning

Samráðsfundir sem ætlunin var að hafa komust ekki í fastar skorður en á elstu deildinni var leitast við að spyrja börnin hvað þau vildu, þau komu með tillögur sem kosið var um og höfðu þannig meira um starfið að segja.

Samstarfi var komið á milli leikskólans og nemenda á íþróttabraut Fjölbrautarskólans í Garðabæ haustið 2015. Tveir elstu árgangar leikskólans fara einu sinni í viku í íþróttahúsið Mýrina yfir vetrartímamann. Nemar úr Fjölbrautarskólanum komu í leikskólann og funduðu með börnunum í litlum hópum í september 2015. Þar voru skipulagðir íþróttatímar í samvinnu við börnin þar sem þau komu með sínar hugmyndir og tillögur að leikjum og hreyfingu. Nemarnir sáu um íþróttatímana á haustönninni. Markmiðið með þessari samvinnu var að hlusta á börnin, kanna hug þeirra og koma vilja þeirra í framkvæmd.

## Samantekt og umræður

Þróunarverkefnið *Aukin þátttaka barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð* stóð yfir frá september 2015 og lauk í maí 2016. Börn eiga rétt á að hafa áhrif á nám sitt og umhverfi í samræmi við aldur og þroska samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 12/2013). Með þróunarverkefninu var markmiðið að uppfylla réttindi barnanna og leita leiða við að veita þeim tækifæri til þess að láta rödd sína heyrast og hafa áhrif á nám sitt og umhverfi.

Til þess að virða þennan rétt verðum við að skapa lýðræðislegt samfélag þar sem skoðanir allra eru virtar og hlusta á það sem börnin hafa til málnanna að leggja. Með virkri hlustun eykst ábyrgðartilfinning og samábyrgð (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2013). Leitað var leiða til þess að börnin fengju að taka virkan þátt í að móta og hafa áhrif á skólastarfið. Í byrjun vetrar var gerður sáttmáli barna og fullorðinna um hvernig samskiptin eiga að vera á deildunum. Börnin settu fram óskir sem rættust yfir veturinn og fengu allir að njóta með þeim. Óskalistinn er algjörlega á forsendum barnanna sem fengu með honum að hafa áhrif á nám sitt. Börnin á öllum deildum stjórnðu samverustund sem var skipulögð með foreldrum heima fyrir sem er mikilvægt í ljósi þess að börn öðlast sjálfsöryggi og eflast í námi með slíkri samvinnu (Fullan, 2007) og líkur aukast á að barni vegni vel á skólagöngu. Barnanna bíður að taka þátt í lýðræðis-samfélagi og mikilvægt er að læra á slík samfélög (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Að kjósa er hluti af því að vera meðlimur í lýðræðissamfélagi. Með kosningu læra börnin að þau geti haft áhrif þó svo að þau fái ekki alltaf það sem þau vilja líkt og í lýðræðissamfélagi. Kosningar gengu mjög vel á öllum deildum og fóru úr því að velja á milli tveggja mynda og út í leynilega kosningu á elstu deildinni. Lýðræðinu fylgir ábyrgð og stundum gengu hlutirnir ekki eins og ætlast var til eins og t.d. þegar börnin fengu að velja sér sæti. Í fyrstu gekk mjög vel á Birkiseli (elstu deild) en svo myndaðist spenna og klíkumyndum. Á Furuseli (miðdeild) komst starfsfólkið að þeirri niðurstöðu að börnin væru of ung til að velja sér sæti því það skapaði óróleika og óöryggi og farið var aftur í fyrra horf þ.e. að eiga fast sæti í matartímum. Á yngstu deildinni, Víðiseli fundu börnin virkilega til sín þegar þau fengu að velja og hafa áhrif t.d. þegar þau fengu að kjósa um inniveru og útiveru. Í frjálssa leiknum fengu börnin alveg frjálst val eða notast var við valkerfi sem takmarkar aðgang að viðfangsefnum sem er í takt við lýðræðissamfélög, þú getur ekki alltaf fengið allt sem þú vilt. Á Birkiseli komu börnin með tillögur sem kosið var um og höfðu þannig meira um starfið að segja. Börnin höfðu öll hlutverki að gegna, voru þjónar/umsjónarmenn í matartímum, kynnar í söngstund og máttu alltaf koma með bækur í leikskólann. Leitast var við að eiga lýðræðisleg samskipti við börnin í daglegum samskiptum og hlusta á þau á virkan hátt.

Þróunarverkefnið gekk vel á Víðiseli (yngstu deild). Helsta áskorunin að mati starfsmanna var að færa lýðræðið í hendurnar á svo ungum börnum og finna út hvað þau gætu og hvað þau gætu ekki. Þess vegna var farið hægt af stað og bætt á ábyrgðina eftir aldri og þroska. Hugarfarsbreyting varð á deildinni við það að sjá getu barnanna. Þau nutu þess t.d. að vera

með samveru og það mátti heyra saumnál detta það var borin svo mikil virðing fyrir barninu sem sá um samveruna. Í mars settu börnin fram óskir og voru orðin mjög klár í því að velja og kjósa. Starfsfólkið var sammála um að verkefnið hefði skilað sér í metnaðarfullra starfi þar sem alltaf var eitthvað spennandi í gangi. Gaman að sjá hvað börnin nutu sín og blómstruðu þegar þau fengu að hafa áhrif á nám sitt. Ómetanlegt var að koma á samstarfi við heimilin þar sem börnin koma með hugmyndir og efnivið að heiman og að finna hvað heimilin eru ánægð með þetta samstarf.

Á Furuseli (miðdeild) hefur gengið vel með það sem lagt var upp með í haust. Börnin hafa haft gaman af að taka þátt og sjá má hvað þau njóta þess að vera virkir þátttakendur í starfinu. Það kom berlega í ljós þegar börnin stjórnðu samverustund hvað þau efdust og stóðu stolt fyrir framan samnemendur sína. Óskalistinn gekk mjög vel og er vilji fyrir því á deildinni að gera meira úr honum næsta haust t.d. að ákveða með börnunum hvernig þau vilja uppfylla óskina sína. Kosningar gengu almennt vel en starfsfólkinu fannst börnin ekki ráða við að velja sér sæti við matarborðið, fannst það valda streytu í barnahópnum svo horfið var aftur í fyrra horf að eiga fast sæti. Verkefnið varð þess valdandi að mati starfsfólks að allir væru samtaka og hugsuðu í sömu átt og það væri það sem skipti máli. Leikskólakennari sem tók til starfa í miðju verkefninu „fannst standa upp úr hvað starfsmennirnir höfðu gaman af og væru ferskir og samtaka.“ Einnig voru starfsmenn sammála um að verkefnið væri „góð innspýting í starfið“ eins og einn starfsmaður orðaði það „og gott að fá þessi verkfæri til að koma manni af stað, þróa það og bæta ofan á.“

Á Birkiseli er starfsfólkið sammála um að í heildina hafi gengið mjög vel að auka þátttöku barnanna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð. Samverustundin og óskalistinn gengu vel og börnin nutu þess að fá óskipta athygli og hafa áhrif á nám sitt. Þar eins og á yngstu deildinni var áberandi virðing borin fyrir jafningjafræðslunni. Ýmislegt má læra af vetrinum eins og t.d. að samsetning barnahópsins getur skipt máli. t.d. þegar börnin völdu sér sæti við matarborðið, þá gekk það illa en hafði gengið mjög vel veturinn á undan með öðrum hóp barna. Starfsfólkið velti þó fyrir sér hvort það væri hluti af lýðræðinu að leysa úr þessu „veseni“ saman og komast að niðurstöðu. Kosningar gengu vel, börnin byrjuðu að velja um tvennt og svo þróuðust þær út í leynilegar kosningar sem styrktu örugg og ósjálfstæð börn í að taka sjálf ákvarðanir. Starfsfólkinu finnst það hlusta betur á börnin eftir veturinn og heyra þeirra sjónarmið og finnst börnin upplifa að fá að segja sína skoðun. Börnin njóta þess að fá að hafa áhrif á nám sitt og

eins og einn starfsmaðurinn sagði; „þá eru þau samt svo glöð að fá að ráða eða velja. Það á að láta þau gera meira, eru miklu tilbúnari og duglegri en maður heldur.“

Rýnihópur barna sem rætt var við sögðust stundum fá að ráða hvað er í matinn og svo ráða þau óskinni sinni sem er að rætast. Einn drengurinn sagðist langa að ráða hvað væri í matinn því honum þætti gaman að búa til mat. Börnin sögðust ráða hvort þau kæmu með bangsa á bangsadaginn og hvað þau leika með. „Við ráðum bara að hverju við leikum, stundum hvað er í matinn, en oftast bara hvað við fáum að leika.“ Stundum fengu þau að ráða „þar sem eru flestir, sem segir flest, hakk og spaghetti eða pizza þá vinna þeir.“ Þau voru sammála um að það væri gaman úti því eins og einn drengurinn sagði; „við ráðum hvað við leikum með.“ Börnin voru spurð að því hvernig þeim langaði að hafa leikskólann sinn og vildu þau hafa hann góðan þar sem allir eru vinir, enginn að rífast, enginn að meiða og mega alltaf ráða hvað er í matinn. Þegar börnin voru spurð að því hver réði í leikskólanum voru þau öll sammála um að kennararnir réðu en 4 ára drengur bætti við; „Lilla ræður hvað er í matinn. En reyndar er Lilla amma sko. En hún vinnur samt í leikskólanum. Lilla gerir besta matinn.“ Ágætis umræða átti sér stað meðal barnanna og þau virtust vera meðvituð um að þau fengju að ráða einhverju.

Meðfylgjandi eru sýnishorn af kennsluseðlum sem hægt er að nálgast á heimasíðu leikskólans Hæðarbóls ásamt fleiri hugmyndum.

## Lokaorð

Með aðkomu barna að vali á verkefnum og vinnubrögðum kennum við börnum lýðræðisleg vinnubrögð. Þessi vetur sem þróunarverkefnið *Aukin þátttaka barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð* hefur staðið yfir hefur gert starfsfólkið meðvitaðra um að hlusta á raddir barnanna og þau hafa svo sannarlega sýnt að þau eru fær um að koma að námi sínu á margan hátt. Helstu áskoranir þessa verkefnis voru að finna út hvað hentar hverju aldurstigi varðandi aðkomu barnanna að ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð en það er hluti af því að skapa lýðræðislegt samfélag, að vinna saman og finna lausnir. Börn eru getumikil og sýndi það sig hvað þau efdust þegar þau fengu tækifæri til þess að bera ábyrgð og hafa áhrif. Samræðan og ígrundunin sem hefur skapast vegna þróunarverkefnisins hefur gert starfsfólkið meðvitaðra um mikilvægi þess að allir fái tækifæri til að koma að mótun skólasamfélagsins okkar. Við erum að vinna saman, starfsmenn, foreldrar og börn að því að gera skólann okkar að lýðræðislegum vettvangi þar sem virðing er borin fyrir skoðunum allra.



## Heimildir:

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). Af því að við erum börn. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 49-71). Háskólaútgáfan og RannUng: Leturprent.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). Af því að við erum börn: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla (óútfingin doktorsritgerð). Háskóli Íslands: Reykjavík.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75-98). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). „Hversu lýðræðisleg á ég að vera?“ Þróunarstarf um lýðræði og mannréttindi í leikskólanum Árbæ. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/009.pdf>
- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau and Rowntree Foundation.
- Fullan M. (2007). *The new meaning of educational change* (4 útgáfa). London og New York: Teachers College Press og Routledge.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2014). Leitað til barna og unglunga. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi á heimili. Með augum barna* (bls. 17-60). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17-29). Háskólaútgáfan og RannUng: Leturprent.

Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13-27). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.

Mannion, G. (2007). Going spatial, going relational: Why listening to children and children's participation need reframing. *Discourse: Studies in the Cultural Politics of Education*, 28(3), 405-420).

Mennta- og menningarmálaráðuneytið: námskrár. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (2013). Sótt 1. maí 2016 af:

<https://barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>

## Óskalistinn

**Aldur nemenda:** 2-6 ára.

**Viðfangsefni:** Hvert og eitt barn setur fram ósk sem rætist einhvern tímann yfir veturinn.

**Færnimarkmið:** Að barnið skilji hugtakið „að óska sér“.

**Viðhorfamarkmið:** Að barnið upplifi að á það sé hlustað og geti haft áhrif á nám sitt og umhverfi.

**Efni og áhöld:** Pappír og litir.

**Umfang/tími:** Samræða við börnin þar sem óskir þeirra eru bornar fram og gerðar sýnilegar á pappír. Tíminn fer eftir aldri og áhuga barnanna.

**Höfundur verkefnis:** Hjördís Braga Sigurðardóttir.

### Kennsluleiðbeiningar og lýsing á vinnu

- Rætt er við börnin, saman eða eitt og eitt um það að fá að óska sér. Börnin setja fram ósk.
- Óskir barnanna eru gerðar sýnilegar, þær eru settar á pappír og hengdar upp þar sem börnin sjá þær.
- Óskirnar eru ræddar og börnin fylgjast með þegar þær rætast.
- Börnin fá að upplifa á eigin skinni að hlustað sé á þau og þau geti haft áhrif á nám sitt og umhverfi.
- Óskirnar eru uppfylltar þegar tækifæri gefst yfir veturinn.
- Leitað er leiða við að uppfylla allar óskir. Hugmyndaflugið er látið njóta sín þegar óskirnar eru uppfylltar.



### Tilbrigði við stafið:

- Hægt er að leyfa börnunum að setja fram óskir í samverustundum sem kennarar og starfsfólk leitast við að uppfylla þann dag.
- Börnin geta málað óskastein og haldið á til að óska sér.

### Fleiri verkefni í Verkefnabanka Hæðarbóls

- Samverustund

## Samverustund

**Aldur nemenda:** 2-6 ára.

**Viðfangsefni:** Hvert og eitt barn sér um samverustund.

**Færnimarkmið:** Að barnið þjálfist í að koma fram og tala fyrir framan aðra.

**Viðhorfamarkmið:** Að barnið upplifi að á það sé hlustað og geti haft áhrif á nám sitt og umhverfi. Að foreldrar komi að námi barna sinna.

**Efni og áhöld:** Börnin koma með viðfangsefni að heiman t.d. bók, geisladisk, spil, hlut til þess að sýna og segja frá.

**Umfang/tími:** Barnið sjái um samverustund með aðstoð kennara. Tíminn fer eftir aldri og úthaldi barnanna.

**Höfundur verkefnis:** Hjördís Braga Sigurðardóttir.

### Kennsluleiðbeiningar og lýsing á vinnu

- Barnið fær miða með sér heim þar sem fram kemur að barnið fái að sjá um samverustund. Barnið getur t.d. komið með bók sem við hjálpumst að að lesa fyrir alla, disk til að hlusta á, eitthvað til að skoða og ræða um, tillögu að einhverjum leik eða hvað annað sem foreldrum dettur í hug með barninu.
- Barnið sér um samverustund með aðstoð kennara.
- Barnið nýtur óskiptrar athygli.
- Barnið fær að upplifa á eigin skinni að hlustað sé á það og það geti haft áhrif á nám sitt og umhverfi.
- Barninu þakkað fyrir samverustundina í lokin.



### Tilbrigði við stafið:

- Leitast við í daglegu starfi að börnin fái tækifæri til þess að koma fram og segja frá.

### Fleiri verkefni í Verkefnabanka Hæðarbóls

- Óskalistinn